

# ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 588 7690 og 892 1529  
Netfang: [ottar@icc.is](mailto:ottar@icc.is)

Umhverfisstofnun,  
Suðurlandsbraut 34,  
108 Reykjavík.

18. janúar 2019.

Sent á netfang:  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

Efni: Athugasemdir við tillögu að starfsleyfi vegna eldis á allt að 11.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf. (að hámarki 6.000 tonn af frjóum laxi). Framleiðsluaukning um 11.000 tonn. (Núverandi ónotað starfsleyfi er fyrir 3.000 tonn af regnbogasilungi).

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins LAXINN LIFI, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Selár og Veiðifélags Vesturdalsár er ofangreindum fyrirætlunum um risalaxeldi með norskum kynbættum laxastofni í sjókvíum í Fáskrúðsfirði alfarið mótmælt.

**Gerð er krafa um að** Umhverfisstofnun vísi frá umsókn um starfsleyfi og framlagðri umhverfismatsskýrslu vegna þess annmarka að ekki séu lagðar fram tvær aðskildar matsskýrslur fyrir hin umræddu tvö sjálfstæðu framkvæmdasvæði í Berufirði og Fáskrúðsfirði/Reyðarfirði, og vegna þess að ekki var veittur frestur til umsagna og andmæla varðandi 31 blaðsíðu viðbótargreinargerð framkvæmdaraðila við matsskýrslu um samanburð valkosta dags. 23. október 2018.

**Til vara er gerð er krafa um að** hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðrar tillögu fyrir ofangreinda eldisstóriðju í opnum sjókvíum í Fáskrúðsfirði.

Þá er frummatsskýrslu og matsskýrslu um eldið mótmælt sem ótækri vegna margvíslegra annmarka og rangfærslna. Í hana vantar fjölmörg atriði, sem fjalla verður um í frummatsskýrslu og matsskýrslu.

Gerð er sérstök athugasemd við sameiginlega umhverfismatsskýrslu eldisframkvæmda á tveimur aðskildum og gjörólíkum framkvæmdasvæðum, hvoru um sig með sjálfstætt burðarþolsmat og einnig sjálfstætt áhættumat erfðablöndunar, annars vegar í Berufirði og hins vegar í Fáskrúðsfirði/Reyðarfirði.

Þá er gerð athugasemd við viðbótargreinargerð framkvæmdaraðila dagsetta 23. október 2018 við matsskýrslu, sem lýtur að valkostum vegna eldis Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Þessi

viðbótargreinargerð upp á 31 blaðsíðu, sem á að vera grundvallarinnleg í matsskýrsluna var ekki auglýst til almennrar umsagnar, heldur aðeins send frá Umhverfisstofnun til Skipulagsstofnunar til umsagnar.

Helstu aðrar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi og fyrirætlanir framkvæmdaraðilans fara hér á eftir.

1. Nýtt „minkaslys“.

*Um þessar mundir eru norskir stökulaxar úr sjókvíaeldi byrjaðir að veiðast í veiðiám landsins með óhjákvæmilegri skerðingu orðspors hreinnar og óspilltrar náttúru. Norsku eldislaxarnir er sams konar fyrirbæri og minkurinn sem illu heilli var fluttur til landsins á fyrri hluta síðustu aldar og átti ekki að geta sloppið út í náttúruna. Allir vita hvernig það fór. Einmitt þessa dagana stöndum við frammi fyrir sams konar umhverfisslysi og minkinn forðum. Enn er tækifæri til að koma í veg fyrir nýtt „minkaslys“ – en tíminn er naumur.*

2. Vísað er til athugasemda ofangreindra aðila að þessum athugasemdum við frummatsskýrslu framkvæmdaraðila dags. 19. september 2017 um allt að 21.000 tonna laxeldi í opnum sjókvíum í Berufirði og Fáskrúðsfirði sem sendar voru til Skipulagsstofnunar 17. nóvember 2017. Fylgja í viðhengi. Allar þessar athugasemdir eru í fullu gildi varðandi ofangreinda tillögu að starfsleyfi.

Nokkur atriði athugasemdana frá 17. nóvember 2017 voru t.d. eftirfarandi:

Álits Erfðanefndar landbúnaðarins frá 6. júní 2017 var að engu getið.

Bent var á áhættumat Haf- og vatnarannsóknna hjá Hafrannsóknastofnun vegna mögulegrar erfðablöndunar á milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi dags. 14. júlí 2017.

Bent var á skýrslu Haf- og vatnarannsóknna hjá Hafrannsóknastofnun 25. ágúst 2017 um erfðablöndun eldislaxa af norskun uppruna við íslenskra laxastofna.

Bent var á að laxeldisáformin væru óheimil m.a. samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um fiskeldi nr. 71/2008, reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi, reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. ákvæði 1. og 2. gr. þeirra um vernd líffræðilegra fjölbreytni o. fl. og varúðarreglu 9. gr. þeirra.

Bent var á að lagaheimild væri ekki fyrir hendi til afnota hafsvæðisins sbr. 2. mgr. 40. gr. stjórnarskrárinnar.

3. Athugasemdir ýmissa aðila við frummatsskýrslu dags. 19. sept. 2017.

Vísað er til mótmæla og athugasemda frá 73 aðilum auk 10 umsagna um frummatsskýrsluna.

Sérstaklega er vísað til umsagnar Hafrannsóknastofnunar dags. 17.11.2017, þar sem margvíslegar alvarlegar athugasemdir koma fram m.a. um rangfærslur um efni tilvísaðra heimilda.

Þá er vísað til umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 23. nóvember 2017, t.d. um fuglalíf, lífrænt álag og skort á umfjöllun um samlegðaráhrif vegna eldis annarra fyrirtækja, um að ótímabært sé að hefja aukningu á ófrjóum laxi, þar sem ekki hefur verið sannreynt hvort geldlax þrífist við íslenskar vetraraðstæður í sjókvíum.

Þá tekur Umhverfisstofnun fram, að erfitt sé að meta hvað vegur þyngst m.t.t. umhverfisáhrifa aukins fiskeldis vegna of lítilla upplýsinga. Stofnunin tekur ekki undir þá umfjöllun í frummatsskýrslu, að áhrif framkvæmdar verði óveruleg, og bendir á að þörf sé á meiri upplýsingum og varðandi framsetningu auk frekari rannsókna á samlegðaráhrifum alls fiskeldis í Berufirði og Fáskrúðsfirði.

Þá álitur Umhverfisstofnun, að líklegt sé að umrædd breyting og stækkun á fiskeldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði **muni hafa talsvert neikvæð umhverfisáhrif** í för með sér.

Að lokum er bent á þá yfirlýsingu Umhverfisstofnunar, að fullnægjandi frummatsskýrslur með vönduðu mati á umhverfisáhrifum framkvæmda séu grundvöllur leyfisveitingar.

#### 4. Valkostasamanburður.

Framkvæmdaraðili lagði fram til Umhverfisstofnunar í tengslum við matsskýrslu sína 31 blaðsíðu greinargerð dags. 23. október 2018 um samanburð valkosta eldisiðju sinnar í Berufirði og Fáskrúðsfirði. Þessi viðbót við umhverfismatsskýrsluna var ekki auglýst til almennrar umsagnar, heldur aðeins send frá Umhverfisstofnun til Skipulagsstofnunar til umsagnar.

Erfitt er að henda reiður á hvaða eldismagn framkvæmdaraðilinn hefur í huga í hvorum firði og hverjar lokastaðsetningar eru, þar sem ýmsar breytingar hafa átt sér stað í matsferlinu. Sé miðað við yfirlýsingu framkvæmdaraðila á bls. 24 í greindri viðbótargreinargerð „Eldisáætlun mun taka mið af nýju áhættumati Hafrannsóknastofnunar“ og einnig upplýsingar neðst á bls. 3 í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 17. nóvember 2017 þá er hámarkseldi samkvæmt áhættumati erfðablöndunar 6.000 tonn í Berufirði og 15.000 tonn í Fáskrúðsfirði/Reyðarfirði. Með núverandi leyfi Fiskeldis Austfjarða hf. í Berufirði um 6.000 tonna laxeldi er sá fjörður fullsettur. Hámarkseldi samkvæmt áhættumati erfðablöndunar í Fáskrúðsfirði/Reyðarfirði er 15.000 tonn. Miðað við núgildandi leyfi Laxa fiskeldis ehf. til að ala 6.000 tonn laxa í Reyðarfirði, er aðeins eftir rými fyrir 9.000 tonna aukningu til að heildarmagnið haldist innan hámarkseldis áhættumats fyrir Fáskrúðsfjörð/Reyðarfjörð. Þá bendir UHS á áform Laxa fiskeldis ehf. að auka framleiðslu sína upp í 16.000 tonn og að Skipulagsstofnun hafi fallist á tillögu að

matsáætlun. Af þessari ástæðu telur UHS að endurskoða þurfi öll áform um framleiðsluaukningu í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði með hliðsjón af sameiginlegu hámarkseldi í áhættumati þessara fjarða. Ennfremur telur UHS, að frummatsskýrsla fjalli ekki nægilega um áhrif niðurstöðu áhættumats HAFRÓ, bæði vegna samlegðaráhrifa framkvæmda við önnur eldi og vegna nálægðar svæðanna við Breiðdalsá, sem rennur í fjörð á milli Berufjarðar og Fáskrúðsfjarðar.

Varðandi einstakar meira og minna örökstuddar staðhæfingar framkvæmdaraðilans í viðbótargreinargerðinni skal hér minnst á eftirfarandi:

Mótmælt er örökstuddri staðhæfingu á bls. 10, að rúmmetir í stöð með lokuðum kvíum sé 10 sinnum dýrari en sjókvíastöð með netkvíum.

Vakin er athygli á yfirlýsingu framkvæmdaraðila á bls. 11, að eins og dæmin sanni, sleppi fiskur úr hefðbundnum kvíum eins og úr lokuðum kvíum.

Þá er bent á andstæðar upplýsingar um landeldi á bls. 14, þar sem rekstraraðili segir að landeldi fyrir 10.000 tonna eldi þurfi 6,4 ha. – 9 ha lands.

En síðar í sömu málsgrein segir að landeldi þurfi 2-3 ha. lands fyrir hver 1.000 tonn sem framleidd eru, þ.e. 20 – 30 ha. fyrir 10.000 tonna eldisstöð.

Mótmælt er örökstuddum tölum um að landeldisstöð fyrir 20.000 tonn muni kosta 50 - 60 milljarða, en sjókvíaeldisstöð fyrir sama magn um 4,6 milljarða.

Þekkt er að framleiðsla eldislax í landeldi í Noregi er núna með svipuðum framleiðslukostnaði pr. kg og sjókvíaeldi með sínum lúsavandamálum, sjúkdómavanda, hærri fóðurkostnaði og strokfiskatjóni, að ógleymdi fyrirfram greiddu auðlindagjaldi upp á IKR 2,5 milljónir á tonn eða IKR 25 milljarða fyrir 10.000 tonna eldi.

Framkvæmdaraðilinn telur geldfisk góðan valkost, en er sammála UHS um að erfitt sé að segja hvort ófrjór lax henti til eldis hér við land og án nánari rannsókna sé ótímabært að hefja aukningu á sjókvíaeldi byggða á geldlaxi. Útgáfu starfsleyfis fyrir verulegt magn geldlax er því mótmælt.

#### 5. Sjókvíaeldissvæði

Samkvæmt myndum af sjókvíaeldissvæðum í Fáskrúðsfirði á bls. 22 í viðbótargreinargerð er lágmarksfjarlægð á milli eldissvæða langt undir löglegum mörkum, þ.e. 5 km skv. reglugerð nr. 105/2000.

Þá er óheimilt samkvæmt sama ákvæði, að staðsetja sjókvíar óskyldra aðila hlið við hlið eins og gert er ráð fyrir í viðbótargreinargerðinni. Þegar af þessari ástæðu er óheimilt að gefa út starfsleyfi fyrir tilgreindar staðsetningar í hvorum firði.

#### 6. Álit Skipulagsstofnunar.

Bent er á niðurstöðu Skipulagsstofnunar varðandi nokkuð neikvæð og talsvert neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar varðandi ýmis atriði t.d.

nokkuð og talsverð neikvæð áhrif á súrefnisstyrk á takmörkuðu svæði við botn bæði Fáskrúðsfjarðar og Berufjarðar,

nokkuð neikvæð eða talsvert neikvæð áhrif sjúkdóma á laxfiska næst eldissvæðinu, ef sjúkdómur dreifist um svæði í nærliggjandi fjörðum, nokkuð neikvæð eða talsvert neikvæð áhrif á laxfiska, ef vandamál vegna laxalúsar verða viðvarandi eða ef laxalús dreifist á viðáttumeira svæði og smiti fiska í nærliggjandi fjörðum, nokkuð neikvæð eða verulega neikvæð áhrif strokulaxa á stofna villtra laxa vegna erfðablöndunar og samlegðaráhrifa vegna eldis fleiri eldisfyrirtækja, nokkuð neikvæð áhrif á fiskveiðar í Berufirði og Fáskrúðsfirði, nokkuð neikvæð eða talsvert neikvæð áhrif vegna ásyndarbreytinga og þar með áhrifa á upplifun ferðamanna og útivistarfólks sem leið eiga um Austfirði.

Þá er það tillaga Skipulagsstofnunar, að takmarka leyfi til eldis á ófrjóum laxi við lítið magn fyrst í stað á meðan reynslu af slíku eldi er aflað (bls. 37 í álitu).

#### 7. Um fisksjúkdóma.

Í álitu Skipulagsstofnunar á bls. 14 er vísað til þess að í matsskýrslu Fiskeldis Austfjarða komi fram, að þeir sjúkdómar sem greinst hafi í eldisfiski hér á landi séu af völdum baktería og sníkjudýra. Nú er fram komið, það sem aldeí hefur verið minnst á opinberlega hér á landi: Vírusýking hefur uppgötvast hjá Stofnfiski, stærstu hrogn- og seiðaframleiðslustöðinni hér á landi. Sérfræðingar á svæði Cooke eldisstöðvarinnar í Washingtonríki í USA létu eyða 800.000 seiðum frá þessari íslensku seiðastöð í tvisgang á sl. ári, þar sem vírusinn væri óásættanleg áhætta fyrir villta laxastofna. Um er að ræða PRV vírus (Piscine Orthoreovirus). Ekki er vitað um útbreiðslu þessarar veirusýkingar í íslenskum seiðaeldisstöðvum eða í sjókvíaeldi, enda hefur ekki verið skimað fyrir sjúkdóminum hér á landi fyrr en eitthvað lítillaga á sl. ári.

Miðað við framkomnar margvíslegar athugasemdir undirritaðra aðila sem og Umhverfisstofnunar auk álits Skipulagsstofnunar um ófullnægjandi upplýsingar og neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, verður ekki séð að grundvöllur sé til útgáfu umbeðins starfsleyfis í Berufirði. Ítrekuð er því krafa aðallega um að vísað verði frá umsókn um starfsleyfi og til vara um að hafnað verði útgáfu starfsleyfis á grundvelli framlagðar tillögu.

Virðingarfyllst,  
f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins  
LAXINN LIFI, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og  
Sunnudalsár, Veiðifélags Selár og Veiðifélags Vesturdalsár

  
Óttar Yngvason

Fylgiskjöl:

1. Athugasemdir við frummatsskýrslu dags. 17. nóv. 2017.
2. Gögn um landeldi o.fl.